

Birtist á Pressan.is, 26. desember 2010.

Vísindamaður ársins á Íslandi

Jón Steinsson

Íþróttafréttamenn á Íslandi hafa búið til afskaplega skemmtilega hefð með því að útnefna í lok hvers árs íþróttamann ársins. Tíu íþróttamenn eru tilnefndir. Oftast eru nokkur landsþekkt nöfn á listanum. En síðan eru alltaf líka nokkrir afreksíþróttamenn sem ekki hafa hlotið nærri jafn mikla athygli. Verðlaunin eru því gott tækifæri fyrir venjulega íþróttáhugamenn til þess að víkka sjóndeildarhringinn og kynna afreksfólki sem þeir myndu kannski annars ekki taka eftir. Verðlaunin eru þar að auki hið besta tæki til þess að vekja athygli barna og unglinga á góðum fyrirmyndum. Og svo eru þau auðvitað góð hvatning fyrir íþróttamennina sjálfa.

Við ættum að hafa fleiri hefðir af þessum toga.

Ég er kannski ekki fullkomnlega hlutlaus. En mér finnst allt of lítið fjallað um afrek íslenskra vísinda- og fræðimanna. Væri ekki tilvalið að taka upp þann sið að útnefna vísindamann ársins á Íslandi. Slík verðlaun hefðu sömu kosti og íþróttaverðlaunin. Ég er viss um að það er fullt af fólki sem hefði áhuga á því að lesa umfjöllun um „afrek“ 10 tilnefndra vísindamanna á þessum árstíma. Ekki síst væri gaman að geta gefið börnum og unglingum betri innsýn í það sem íslenskir fræðimenn eru að gera. Kannski myndi það vekja áhuga einhverra á vísindum og fræðimennsku. Mér hefur alltaf fundist sláandi hvað það eru miklu fleiri 10 ára krakkar sem vilja verða Christian Ronaldo en [Richard Feynman](#) þegar þeir verða stórir. Ég held það stafi að hluta til af því að íþróttamenn hafa staðið sig betur í að koma sér á framfæri.

Það eru reyndar ýmis verðlaun veitt á Íslandi á sviði vísinda of fræða. Þau sem komast kannski næst því að vera vísindamaður ársins eru [Hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs](#). Þau góðu verðlaun hafa hins vegar því miður ekki hlotið verðskuldaða athygli. En þau eru líka frábrugðin verðlaununum um íþróttamann ársins að þrennu leyti. Þau eru veitt fyrir uppsafnað framlag til vísinda en ekki fyrir afrek á árinu. Þau eru veitt vísindamanni sem starfar á Íslandi á meðan íþróttamaður ársins er veitt íslenskum íþróttamanni óháð því hvar hann stundar íþrótt sína (og raunar vega afrek erlendis mjög þungt). Og í þriðja lagi eru Hvatningarverðlaunin veitt vísindamanni undir fertugu á meðan engar slíkar takmarkanir eru til staðar varðandi íþróttamann ársins.

Ef til vill er auðveldara að vekja áhuga almennings á afrekum á árinu en uppsöfnuðu starfi. Og eins er líklega auðveldara að vekja athygli á verðlaununum ef íslenskir fræðimenn erlendis fá að vera með. (Eða myndi íþróttamaður ársins á Íslandi njóta sömu virðingar?)

Þar sem verðlaun af þessu tagi eru ekki veitt ætla ég að taka mér það bessaleyfi að útnefna Vísindamann ársins á Íslandi fyrir árið 2010. (Ef ég þekkti betur til myndi ég fyrst tilnefna 10 vísindamenn. En látum þetta nægja í ár.)

Vísindamaður ársins árið 2010 er ... (spennan er í hámarki) ... Freysteinn Sigmundsson.

Hann hlýtur verðlaunin fyrir rannsóknir sínar á upphafi eldgosins í Eyjafjallajökli sem birtust í vísindatímaritinu Nature 18. nóvember 2010 undir fyrirsögninni [Intrusion triggering of the 2010 Eyjafjallajökull explosive eruption](#).

Greinin varpar mikilvægu ljósi á upphaf eldgosa og sérstaklega eldgosa í eldstöðvum á „köldum svæðum“. Algenzt er að eitt meginkvikuholf fyllist smám saman og gjósi síðan. Í tilfalli Eyjafjallajökuls varð atburðarásin önnur og flóknari. Rannsóknin bendir til þess að um hafi verið að ræða fleiri en eitt kvikuholf með missúrri kviku og sprengigosið hafi hafist þegar kvika úr mismunandi kvikuholfum mættust.

Freysteinn er doktor í jarðeðlisfræði við Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands. Hann er með B.S. og M.S. gráðu frá Háskóla Íslands og doktor frá Colorado háskóla í Bolder. Freysteinn fékk hvattingarverðlaun Vísinda- og tækniráðs árið 2005.

Aðrir Íslendingar sem unnu að sömu rannsókn – og eiga vitaskuld mikið í henni, en Vísindamaður ársins er veitt einum aðila alveg eins og Íþróttamaður ársins – eru Sigrún Hreinsdóttir, Þóra Árnadóttir, Niels Óskarsson, Páll Einarsson, Halldór Geirsson, Benedikt G. Ófeigsson og Hjörleifur Sveinbjörnsson.

Vonandi tekur einhver sem hefur meira vit á því sem hann er að tala en ég hef það upp hjá sér að veita þessi verðlaun á næsta ári. Best væri ef fjölmiðlamenn og fræðasamfélagið (ef til vill í gegnum Rannís) tækju sig saman um úthlutun verðlaunanna og öfluga kynningu á þeim.